

Stjórnarfundur 7 þriðjudaginn 8. desember 2015 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.



Mætt: Jason Ívarsson, Stefán Jóhannesson, Árni Jón Eggertsson, Steinn Einarsson, Sigurbjörn Árni Arngrímsson á Skype.

Afboð og mættu ekki: Hrafnhildur Theódórsdóttir, Kristján Geir Guðmundsson, Brynja María Ólafsdóttir.

Dagskrá

- Dregið í bikar
- Ferðakostnaður bikars
- Mótamál (DataV og E-scoresheet)
- Íþróttamaður ársins
- Lið fyrri hluta mótsins.
- Sporttv
- Úrskurðarnefnd
- Landsliðsmál
- Styrkumsóknir
- Önnur mál
 - Gólfið til UMFA

Fundargerð

Mótamál

Dregið í Bikarkeppni BLÍ

- Dregið var í 2 leiki í kvennaflokki í 3. umferð keppinnar í votta viðurvist þeirra sem mættu á fundinn.

Ferðakostnaður Bikarkeppninnar

- Farið var yfir reglu um hvernig þessu skal háttáð en dæmi kom upp þegar lið UMFA B þurfti að ferðast til Húsavíkur í bikarleik. Miðast skal við verð á rútu þegar ferðalag er minna en 500 km ef liðið ferðast á annan máta í slíka ferð.

Mótamál

- Óli er tilbúinn að vera með námskeið í DataVolley strax á nýju ári. Þarf að ganga í að ákveða tímasetningu og auglýsa það.

Íþróttamaður ársins

- Tilkynna þarf ÍSÍ um val Blaksambands Íslands á íþróttamönnum þess, karl og kona. Nokkur umræða fór fram um valið og mögulegan rökstuðning við valinu.
- Niðurstaðan varð sú að Blakkona ársins 2015 er Elísabet Einarsdóttir og blakmaður ársins 2015 er Hafsteinn Valdimarsson.
- Sævari falið að ganga frá rökstuðningi og tilkynna ÍSÍ um valið.
- BLÍ mun tilkynna val sitt í sérstöku hófi sem verður stuttu fyrir jól.

Lið fyrri hluta mótsins

- Umræða fór fram um hvernig standa ætti að valinu. Fram kom að tölfræðin væri ekki fullkomin og því ekki hægt að notast við hana að þessu sinni.
- Ákveðið var að liðin skulu greiða atkvæði um val í Mizunolið fyrri hluta mótsins. Sævari falið að senda út atkvæðaseðlana eins og áður og tilkynna um blaðamannafund þann 22. desember nk.
- Sævari falið að panta verðlaun og undirbúa fundinn.

Sporttv

- Því miður hefur lítið miðað áfram í þessu máli. Engar útsendingar hafa verið í desember og verða ekki fyrr en fjármagn hefur fundist í útsendingarkostnaðinn.

Úrskurðarnefnd

- Örlítil umræða fór fram um málið og kom það fram að eins og er hefur BLÍ engan dómstól. Málið verður skoðað að koma slíkri nefnd á sem myndi hafa úrskurðarvald í litlum málum, s.s. eins og ólöglegir leikmenn o.s.frv. Stefnt að því í vetur að búa til reglugerð og breyta lögum fyrir næsta ársþing til samþykktar þar.

Landsliðsmál

- A landsliðin á leið á NOVOTEL um áramótin og allt að verða klárt þar. Næstu Verkefni á borði landsliðsnefndar er möguleg ferð til Ítalíu um páskana með kvennalandslið. Líklega verða send 3 lið til Ítalíu en nánari upplýsingar liggja ekki fyrir.
- Þátttaka landsliðanna í undankeppni EM SCD og HM liggur fyrir næsta vor og ættu að berast frekari upplýsingar um þær keppnir á nýju ári.

Styrkumsóknir

- Formaður og framkvæmdastjóri BLÍ sátu kynningu hjá ÍSÍ um styrki sem hægt er að sækja í Ólympíusamhjálpa (Olympic Solidarity). Það virðist vera af nægu að taka og þurfa umsóknir að vera vel ígrundaðar og nákvæmar.
- Það kom einnig fram að FIVB Development Fund umsóknir fara núna í gegnum Evrópusambandið. Það væri því ráð að reyna að búa til stórt Verkefni um uppbyggingu á blaki næstu árin og sækja um þar.
- Þó er vitað að ekkert er styrkt ef ekkert er gert.

Önnur mál

- Gólfíð til UMFA. Jason hefur verið í samskiptum við formann blakdeildar Aftureldingar og er það til skoðunar að kaupa gólfíð af BLÍ.

Fleira var ekki rætt á fundinum

fundí slitið kl. 18.15

Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð